

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 13. janúar 2010

Varðar: Umsókn um undanþágu vegna endurskoðunar á starfsleyfi urðunarstaðar við Uxarfótalæk í Mýrdalshreppi.

Umsókn um endurskoðun á starfsleyfi fyrir urðunarstað við Uxarfótalæk í Mýrdalshreppi var send Umhverfisstofnun í ágúst sl. Í tölvupósti frá Umhverfisstofnun þann 13. nóvember sl. var óskað eftir að fá umsókn um undanþágu fyrir afskekkt byggð bréfleiðis og taldir upp þeir liðir sem sótt er um undanþágu frá.

Hér með er sótt um undanþágu skv. 26. gr. reglugerðar 738/2003, um urðun úrgangs, fyrir urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxarfótarlæk.

Rökstuðningur fyrir því að staðurinn falli undir framangreint er hér á eftir:

„Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500...“

Urðunarstaðurinn við Uxarfótarlæk þjónar byggðinni í Vík og Mýrdalshreppi en þar búa nú um 490 manns¹, þar af 298 manns í Vík. Næsti þéttbýlisstaður með fullgildan urðunarstað sem getur tekið við öllum úrgangi sem þar er urðaður var Árborg, en er núna höfuðborgarsvæðið.

„...íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og...“

Íbúar í Mýrdalshreppi eru um 0,65 á hvern ferkílómetra en heildarstærð sveitarfélagsins 755 ferkílómetrar².

„...fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km (eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.)“

Næsti þéttbýlisstaður með yfir 250 íbúa utan Víkur er Hvolsvöllur með um 850 íbúa er í um 80 km fjarlægð. Næsti þéttbýlisstaður með fullgildan urðunarstað er höfuðborgarsvæðið (186 km)³.

Hér er því gert ráð fyrir að sótt verði um undanþágur á öllum þeim þáttum sem hér falla undir og eru meðfylgjandi:

¹ sjá meðfylgjandi slóð: <http://www.samband.is/template1.asp?id=1957>.

² UMÍS, 2009: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hlu 2008-2020.

³ <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegalengdir>

26. gr.

Afskekktar byggðir.

Hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgangs frá þeirri afskekktu byggð getur Umhverfisstofnun ákveðið í starfsleyfi:

a)	að veita rekstraraðila undanþágu frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka;
b)	að veita rekstraraðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni, og mælingum á breytingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið;
c)	veita undanþágu frá starfsleyfistryggingu;
d)	að veita undanþágu frá 3. mgr. 6. gr.;
e)	að veita undanþágu frá 2. mgr. 9. gr. um afhendingu úrgangs;
f)	að veita undanþágu frá 2. mgr. 21. gr. um gæðakerfi rekstraraðila;
g)	að veita undanþágu frá ákvæðum er varða verndun jarðvegs og vatns og aðgerðir er varða hauggas, sbr. 3. og 4. lið í I. viðauka.

Þess er hér með óskað að Umhverfisstofnun taki meðfylgjandi umsókn til afgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir undirritaður.

F.h. Mýrdalshrepps

Axel Valur Birgisson

Mannvit verkfræðistofa, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík